

ALMENNT UM FLOKKUN VIÐSKIPTAVINA

Samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, ber Arion banka að flokka alla viðskiptavini sem óska eftir fjárfestingarþjónustu. Viðskiptavinir eru flokkaðir í einn af eftirtöldum þremur flokkum:

1. **Almennur fjárfestir:** Almenn falla einstaklingar og smærri fyrirtæki í þennan flokk fjárfesta.
2. **Fagfjárfestir:** Dæmi um fagfjárfesta eru stærri fyrirtæki, fyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, ríki, Seðlabankar, alþjóðlegar stofnanir og aðrir stofnanafjárfestar.
3. **Viðurkenndur gagnaðili:** Viðurkenndir gagnaðilar eru einkum fjármálafyrirtæki og aðilar sem starfa á fjármálamörkuðum.

Tilgangur flokkunar viðskiptavina er fjárfestavernd. Almennir fjárfestar njóta meiri verndar en fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar. Fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar búa almennt yfir meiri þekkingu og reynslu til að meta þá áhættu sem fylgir verðbréfavíðskiptum og því almennt talin minni þörf á sérstakri vernd. Flokkun viðskiptavinar hefur áhrif á upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptavinum og skyldur fjármálafyrirtækja til að afla upplýsinga um viðskiptavini sína. Þegar viðskiptavinur afsalar sér réttarvernd, dregur úr skyldu fjármálafyrirtækis til að veita viðskiptavinum upplýsingar og ráðleggingar að eigin frumkvæði. Þá er sérfræðiábyrgð Arion banka minni, þegar mótaðilinn er fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili, enda gert ráð fyrir að þeir búi sjálfir yfir nauðsynlegri sérfræðikunnáttu.

VIÐSKIPTAVINUR FÆRÐUR NIÐUR UM FLOKK

Viðskiptavinir bankans geta alltaf óskað eftir aukinni fjárfestavernd. Þannig getur fagfjárfestir farið fram á að farið sé með hann sem almennan fjárfesti og viðurkenndur gagnaðili getur farið fram á að farið sé með hann sem fagfjárfesti eða almennan fjárfesti. Í slíkum tilvikum skal gert sérstakt skriflegt samkomulag sem kveður á um breytingu á flokkun og hvort hún gildi almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagerninga eða afurðar. Þá getur Arion banki ávallt fært viðskiptavin niður um flokk að eigin frumkvæði, enda sé gætt jafnræðis viðskiptavina. Þannig getur bankinn ákveðið að flokka fagfjárfesti sem almennan fjárfesti og viðurkenndan gagnaðila sem fagfjárfesti eða almennan fjárfesti. Viðskiptavinur skal upplýstur um slíka breytingu.

VIÐSKIPTAVINUR FÆRÐUR UPP UM FLOKK

Almennur fjárfestir getur óskað eftir að afsala sér þeirri vernd sem flokkun hans veitir og vera flokkaður sem fagfjárfestir. Almennur fjárfestir, sem óskar eftir að vera færður upp um flokk, þarf að sýna fram á að a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum séu uppfyllt:

- a. Viðskiptavinur hefur átt umtalsverð viðskipti með fjármálagerninga á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu viðskipti á hverjum ársfjórðungi. Viðskiptavinur þarf að hafa átt í viðskiptum á viðeigandi markaði í a.m.k. 12 mánuði á matsdegi.
- b. Verðgildi fjármálagerninga og innstæðna fjárfestis nemur samanlagt meira en jafnvirði 500.000 evra í íslenskum krónum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
- c. Viðskiptavinur gegnir eða hefur gegnt, í a.m.k. eitt ár, stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fyrirhuguðum verðbréfavíðskiptum eða þjónustu.

Sé viðskiptavinur færður upp um flokk kann hann að missa hluta þeirrar réttarverndar og bótaréttar sem hann hefði ella haft í viðskiptum sínum við Arion banka.

BREYTTAR FORSENDUR FLOKKUNAR

Arion banki leggur sig fram við að kynnast viðskiptavinum sínum og þörfum þeirra svo unnt sé að veita þjónustu sem er sérsniðin að þörfum sérhvers viðskiptavinar. Þær upplýsingar sem viðskiptavinur veitir bankanum mynda grundvöll fjárfestaverndarinnar. Það er því mikilvægt að viðskiptavinir veiti bankanum greinargóðar og réttar upplýsingar svo verndin skili tilætluðum árangri. Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna bankanum um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta. Verði bankanum kunnugt um að viðskiptavinur uppfyllir ekki lengur tiltekin skilyrði, skal gripið til viðeigandi aðgerða. Arion banka er ávallt heimilt að óska eftir upplýsingum til að staðfesta að viðskiptavinur uppfylli viðeigandi skilyrði.